# SIÐAREGLUR BIRGJA OG VERKTAKA

Verkís vinnur eftir stefnu um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð með markmið sem snúa að umhverfismálum, mannauði, samfélagsmálum og ábyrgum stjórnarháttum. Þessar siðareglur birgja og verktaka Verkís eru settar fram í samræmi við þá stefnu auk þess að fylgja Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu Þjóðanna og tíu meginreglum UN Global Compact. Við gerum þá kröfu að okkar birgjar og verktakar uppfylli siðareglurnar sem lágmarks viðmið og að þeir geri sambærilegar kröfur til sinna birgja og verktaka. Sé þess óskað þurfa aðilar að geta staðfest að þessum siðareglum sé fylgt.

Verkís setur fram eftirfarandi kröfur til sinna birgja og verktaka:

## Mannréttindi

- Virða alþjóðlega viðurkennd mannréttindi eins og þeim er lýst í alþjóðasamningum og tryggja að þeir hvorki brjóti né stuðli að brotum á mannréttindum.
- Tryggja að starfsfólk vinni störf sín af frjálsum vilja án nauðungar, og líða ekki barnavinnu og misrétti.
- Tryggja jöfn tækifæri starfsfólks og að hvers kyns ofbeldi, áreitni eða mismunun sé ekki liðin.

## Vinnumarkaður

- Styðja við félagafrelsi og viðurkenna rétt til kjarasamninga.
- Tryggja öryggi starfsfólks síns og stuðla að heilsusamlegu starfsumhverfi og velferð starfsfólks.
- Hafa gild leyfi og réttindi til að sinna störfum í þágu Verkís.

## Umhverfismál

- Þekkja vel umhverfisáhrif starfsemi sinnar og vinna í að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í eigin starfsemi með aðgerðum og ábyrgri og meðvitaðri nýtingu auðlinda. Kostur að hafa umhverfisvottun.
- Flokka úrgang í samræmi við lög og finni leiðir til að auka endurvinnsluhlutfall sitt.

## Viðskiptahættir

- Uppfylla lög og reglugerðir sem um starfsemi þeirra gilda.
- Vinna gegn hvers konar spillingu, glæpsamlegri starfsemi og peningaþvætti í öllum viðskiptum.
- Forðast hagsmunaárekstra og ástunda ábyrga og gagnsæja viðskiptahætti.

Verði einhver í hópi birgja og verktaka, starfsfólk þeirra eða aðrir aðilar vör við að ekki er farið eftir þessum siðareglum eða að Verkís hagi sér ekki í samræmi við þessar siðareglur, hvetur Verkís til þess að ábendingu um slíkt sé komið á framfæri í tölvupósti til verkis@verkis.is.

Verkís ætlast til að sínir birgjar og verktakar bregðist við með viðeigandi hætti fái þeir ábendingu um eða verði varir við eitthvað í starfsemi sinni sem telst fara í bága við ákvæði þessara siðareglna. Alvarlegt brot gegn þessum siðareglum og/eða viðvarandi brot án þess að bætt sé úr leiðir til þess að viðskiptum við viðkomandi verður hætt. Birgjar og verktakar eru hvattir til að setja sér sínar eigin siðareglur birgja og verktaka og birta opinberlega.